

Tímatafla – Stjórnuríki – Haust 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
<p>Bandýklúbbur (8.-10.b)</p> <p> Katrín og Anna</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 15:00 – 16:00</p> <p> Lokaður hópur</p>	<p>Félagsmálafræði</p> <p> Katrín</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 13:05 – 14:25</p> <p> Lokaður hópur</p>	<p>5. og 6. b klúbbur</p> <p> Lóa og Dagný</p> <p> Glerárskóli</p> <p> 14:30 – 15:30</p> <p> Lokaður hópur – Sameiginlegt fyrir Glerár- og Oddeyrarskóla</p>	<p>Búi (5.-7. b)</p> <p> Fanney og Angantýr</p> <p> Rósenborg</p> <p> 14:30-16:00</p> <p> Lokaður hópur</p>
<p>Opið hús (8.-10.b)</p> <p> Katrín og Arnór</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 19:30 – 21:30</p> <p> Opið</p>	<p>MiðHús (5.-7. b)</p> <p> Katrín</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 14:30 – 15:30</p> <p> Opið</p> <p>ALLA ÞRIÐJUDAGA</p>	<p>7. b klúbbur</p> <p> Lóa og Katrín/Arna</p> <p> Glerárskóli</p> <p> 15:30 - 16:30/17:00</p> <p> Lokaður hópur</p> <p>- Sameiginlegt fyrir Glerár- og Oddeyrarskóla</p>	<p>Búi (8.-10. b)</p> <p> Fanney og Angantýr</p> <p> Rósenborg</p> <p> 16:00-17:30</p> <p> Lokaður hópur</p>
	<p>Tóti (8.-10. b)</p> <p> Ingó + 1</p> <p> Rósenborg</p> <p> 16:15-18:00</p> <p> Lokaður hópur</p>	<p>Klúbbakvöld (8.-10.b)</p> <p> Arna og Arnór</p> <p> Oddeyrarskóli</p> <p> 19:30 – 21:30</p> <p> Opið</p>	<p>Anime-klúbbur (8.-10.b)</p> <p> Starfsm. á vakt</p> <p> Rósenborg – 4. hæð</p> <p> 20:00 – 22:00</p> <p> Opið</p>

Tákn:



- Starfsmaður/Starfsmenn



- Staðsetning



- Tími



Lokað = Námsráðgjafar í samráði við kennara velja inn nemendur sem þurfa á aukinni virkni að halda



Opið = Opið starf

Umsjónarmaður Stjórnuríkis er:

Katrín Ósk Ómarsdóttir
Forvarnar- og félagsmálaráðgjafi
s. 460-1241/868-3846

katrinosk@akureyri.is

www.rosenborg.is

Rósenborg|Skólastíg 2|600 Akureyri

Aðrir starfsmenn eru:

Lóa Guðmundsdóttir
Arnór Heiðmann
Arna Dögg Arnarsdóttir

Hér eru þeir klúbbar sem eru í boði hjá FÉLAK– Haust 2016

OPIÐ STARF

Miðstig

MiðHús fyrir 5.-7. bekk

MiðHús er opið hús fyrir alla í 5. 6. og 7. bekk og er í hverjum mánuði, misoft eftir félagsmiðstöðvum. Markmiðið er að gefa börnum aðstöðu til þess að geta hist í jákvæðu umhverfi þar sem farið er í ýmiskonar hópefli, leikir og fleira. Í Oddeyrarskóla er opið alla þriðjudaga frá kl. 14:30-15:30.

Unglingastig

Kvöldopnanir

Í félagsmiðstöðinni Stjörnuríki Oddeyrarskóla er opið hús öll mánudagskvöld frá kl. 19:30-21:30.

Unglingarnir sem eru í félagsmálafræðivalinu útbúa dagskrá sem er gefin út, þetta eru viðburðir eins og kappát, spurningakeppni, spilakvöld og þess háttar.

Klúbbastarf

Í félagsmiðstöðinni Stjörnuríki Oddeyrarskóla er klúbbakvöld öll mánudagskvöld frá kl. 19:30-21:30.

Blanda af umræðum og skemmtun og er opið öllum sem vilja í 8.-10. bekk. Dæmi um viðburði er umræða um staðalímyndir, kynlíf, vináttu, bakstur og júdo. Markmiðið er að efla sjálfsmynd unglunga og auka tómstundameðvitund þeirra.

LOKAÐIR HÓPAR

Klúbbastarf Félak miðar að því að veita börnum og unglungum öruggt, þægilegt og skemmtilegt umhverfi til að njóta sín í hópi annarra barna og unglunga undir handleiðslu fullorðinna. Miðað er að því að þau átti sig á eigin getu og auki færni sína í samskiptum við jafnaldra, njóti þess að koma og líði vel. Kostnaði er haldið í lágmarki.

Miðstig

5. - 6. bekkjarklúbbur

Klúbbur fyrir krakka sem vilja efla félagsfærni sína í gegnum leik. Unnið er með samskipti, sjálfsmynd og lagt upp úr að hafa gaman með jafnöldrum undir handleiðslu fagfólks.

Hópurinn hittist vikulega, klukkutíma í senn. Skráning hjá námsráðgjafa eða starfsmönnum félagsmiðstöðva. Tengiliður er Lóa – olafiag@akureyri.is.

7. bekkjarklúbbur - fyrir stráka

Klúbbur fyrir stráka sem vilja efla félagsfærni sína í gegnum leik og skemmtileg verkefni. Unnið er með samskipti, sjálfsmynd og lagt upp úr að hafa gaman með jafnöldrum undir handleiðslu fagfólks. Hópurinn hittist vikulega u.þ.b. 6-8 sinnum á önn, 1-2 klukkustund í senn. Skráning hjá námsráðgjafa eða starfsmönnum félagsmiðstöðva. Tengiliður er Lóa – olafiag@akureyri.is.

7. bekkjarklúbbur - fyrir stelpur

Klúbbur fyrir stelpur sem vilja efla félagsfærni sína í gegnum leik og skemmtileg verkefni. Unnið er með samskipti, sjálfsmynd og lagt upp úr að hafa gaman með jafnöldrum undir handleiðslu fagfólks. Hópurinn hittist vikulega u.þ.b. 6-8 sinnum á önn, 1-2 klukkustund í senn. Skráning hjá námsráðgjafa eða starfsmönnum félagsmiðstöðva. Tengiliður er Lóa – olafiag@akureyri.is.

Búi - 10-12 ára - fyrir stráka og stelpur

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli Félak og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hópurinn er fyrir börn sem eru á bið eftir liðveislu hjá Búsetudeild vegna einhverfu. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og er markmiðið að auka félagsleg tengsl, tómsundameðvitund og virkni. Skráningar fara í gegnum Jón Gest Helgason (jongestur@akureyri.is).

Unglingastig

Tótahópur - fyrir stráka

Einstaklingarnir eiga það sameiginlegt að tölvu- og snjallsímanotkun þeirra hefur áhrif á daglegt líf þeirra eins og til dæmis á önnur áhugamál og félagsleg samskipti. Unnið er með tómsundameðvitund og virka þátttöku. Hópurinn fær kynningu á ýmsum tómsundum. Unnið er markvisst með viðhorf, líðan og uppbyggilega skemmtun. Hópurinn hittist vikulega. Skráning hjá námsráðgjafa eða starfsmönnum félagsmiðstöðva. Tengiliður hópastarfsins er Guðmundur Ólafur Gunnarsson - oligunn@akureyri.is.

Búi - fyrir stráka og stelpur

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli Félak og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hópurinn er fyrir unglínga sem eru á bið eftir liðveislu hjá Búsetudeild vegna einhverfu. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og er markmiðið að auka félagsleg tengsl, tómsundameðvitund og virkni. Skráningar fara í gegnum Jón Gest Helgason (jongestur@akureyri.is).

Bandýklúbbur - fyrir stelpur

Klúbbur fyrir stelpur sem eru að leita að skemmtilegri virkni í góðum og jákvæðum félagskap. Hópurinn hittist vikulega. Skráning hjá námsráðgjafa eða starfsmönnum félagsmiðstöðva. Tengiliður hópastarfsins er Katrín Ósk – katrinosk@akureyri.is.

Einnig eru fleiri klúbbar starfandi þar sem starfsmenn Félak eru í samstarfi við aðrar deildir Akureyrarbæjar.